

Stofnsamningur sameinaðs félags

Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag verkfræðinga og Tæknifræðingafélag Íslands ásamt aðildarfélögum sínum, KTFÍ, STFÍ, sérdeildum og undirfélögum, gera með sér samning um sameiningu félaganna í eitt félag, Verkfræðingafélag Íslands, félag verkfræðinga og tæknifræðinga, skammstafað VFÍ. Þau ráð og þær nefndir sem starfa hjá félögunum í dag munu starfa áfram fram til þess að ný ráð og nefndir hafa verið skipuð og taka við í ársbyrjun 2007. Undirfélögum, deildum og landshlutafélögum verði slitið fyrir árslok 2006 eftir því sem við á. Stéttarfélagi verkfræðinga og Tæknifræðingafélagi Íslands verður formlega slitið á aðalfundum félaganna fyrri hluta árs 2007, sbr. 5. gr.

Félögin viðurkenna að tæknifræðinám og verkfræðinám sé hvort tveggja af sama meidi. Því er eðlilegt að flokka tæknifræðinám sem námsbraut í verkfræði.

1. gr.

Samningsaðilar standa að sameiningu félaga verkfræðinga og tæknifræðinga undir merkjum endurskipulagðs VFÍ, sem taki við eignum, réttindum og skyldum eldri félaganna frá og með 1. janúar 2007 eins og nánar er kveðið á um í stofnsamningi þessum. Aðildarfélög þessara félaga, sjóðir, sérdeildir og undirfélög verða hluti hins nýja félags. Nauðsynlegt verður að endurskoða reglur þeirra í tengslum við sameiningu félaganna í eitt félag.

Markmið með endurskipulögðu félagi er að

- sameina alla verkfræðinga og tæknifræðinga í einu félagi
- efla menntun félagsmanna
- standa vörð um hagsmuni félagsmanna í samræmi við tilgang félagsins samkvæmt nýjum lögum þess, meðal annars með því að annast gerð kjarasamninga fyrir þá félagsmenn sem eru launþegar.

2. gr.

Sameiginleg skrifstofa félagsins taki til starfa frá og með 1. janúar 2007 að Engjateigi 9, Reykjavík. Skrifstofan taki frá þeim tíma við sameiginlegum rekstri og öllum réttindum og skyldum eldri félaganna. Frá sama tíma hætta eldri félögin daglegri starfsemi skrifstofa.

Atvinnusvið hins sameinaða félags taki við starfsemi Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags tæknifræðinga. Þar verður einnig vettvangur fyrir og þjónusta við stjórnendur og sjálfstætt starfandi. Sviðinu verði tryggðar tekjur til að standa undir öflugri starfsemi að kjaramálum félagsmanna og þjónusta aukin frá því sem verið hefur. Sérstök áhersla verður lögð á einstaklingsbundna þjónustu, kjararannsóknir, þjónustu við atvinnulausa, nýútskrifaða og starfsþróun.

Félagið tekur við öllum gildandi kjarasamningum sem Stéttarfélag verkfræðinga og Kjarafélag tæknifræðinga hafa gert og hlutast til um gerð nýrra kjarasamninga að samningstíma þeirra liðnum. Innan atvinnusviðs starfar Kjararáð sem mun annast gerð kjarasamninga í umboði félagsins.

Fagsvið fer með menntunarmál, endur- og símenntun, réttindamál, auk málefna fagdeilda og faghópa. Menntanefnd mun standa vörð um menntun verkfræðinga og tæknifræðinga og vera stjórn félagsins til ráðuneytis um menntamál. Sviðinu verði tryggðar tekjur til að standa undir öflugri starfsemi þ.a. að unnt verði að sinna auknum verkefnum ekki síst á sviði menntamála.

Útgáfu- og Markaðssvið annast reglubundnar útgáfur, fundi og kynningar. Útgáfa Árbókar og fréttablaðs félagsins verða á vettvangi sviðsins svo og önnur skyld verkefni. Útgáfu- og Markaðssvið starfar að því að efla ímyndarsköpun félagsins í samfélaginu m.a. með því að aðstoða félagsmenn í að verða virkir þátttakendur í þjóðfélagsumræðunni og móttandi afl í þróun samfélagsins á sviði tækni og vísinda. Sviðinu verði tryggðar tekjur til að standa undir öflugri starfsemi þ.a. að unnt verði að sinna auknum verkefnum á sviði markaðsmála.

3. gr.

Stofnfundur hins sameiginlega félags verði haldinn í október 2006. Hann verði opinn öllum félagsmönnum eldri félaganna. Á stofnfundi verði kosin stjórn hins sameinaða félags, formaður til tveggja ára óháð félagsaðild og 6 meðstjórnendur, sem verða þannig kosnir: þrír meðstjórnendur, einn frá hverju félagi, kosnir til tveggja ára eða til aðalfundar ársins 2009 og þrír meðstjórnendur, einn frá hverju félagi, kosnir til eins árs, eða til aðalfundar ársins 2008. Jafnframt verði kosnir 3 varamenn, einn frá hverju félagi, til tveggja ára.

4. gr.

Frá og með 1. janúar 2007 ber hið sameinaða félag kostnað af sameiginlegum rekstri sem ekki tengist beint kostnaði við verklok eldri félaganna. Eldri félögin bera þann kostnað.

5. gr.

Eldri félögin geri ársreikninga á hefðbundinn hátt, hvert félag fyrir sig fyrir árið 2006. Félögin beri sjálf kostnað af uppgjöri sínu miðað við 31. desember 2006, svo sem launakostnað og kostnað við endurskoðun.

6. gr.

Um starfsmannamál, fjölda starfsmanna og starfslok gera félögin sérstakt samkomulag ef þörf er á. Vegna sjóða renni allt að 10% af heildartekjum þeirra til félagsins, sem þjónustugjald til að standa straum af umsýslukostnaði við rekstur þeirra. Hússjóður er hér undanskilinn, en úr honum skulu renna framlög skv. ákvörðun stjórnar með svipuðum hætti og verið hefur.

7. gr.

Komi til þess að sameiningin gangi til baka á næstu árum skal leitast við að tryggja félögum hverju um sig þann höfuðstól sem þau komu með inn í félagið.

8. gr.

Stýrihópur skipaður formönnum og varaformönnum félaganna þriggja hefur gert drög að lögum fyrir hið nýja sameinaða félag. Munu löggin verða borin upp til afgreiðslu á stofnfundi þess haustið 2006.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum sem haldnir voru í Verkfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi verkfræðinga og Tæknifræðingafélagi Íslands og staðfestist með undirskriftum formanna og varaformanna eldri félaganna.

Reykjavík í janúar 2006

F.h. Verkfræðingafélags Íslands

Steinar Friðgeirsson formaður

Björn Karlsson varaformaður

F.h. Tæknifræðingafélags Íslands

Einar H. Jónsson formaður

Bergþór Þormóðsson varaformaður

F.h. Stéttarfélags verkfræðinga

Sveinbjörg Sveinsdóttir formaður

Jóhanna Harpa Árnadóttir varaformaður